



Ársskýrsla fagdeildar bæklunarhjúkrunarfræðinga starfsárið mars 2017- apríl 2018

Félagafjöldi: 36

Stjórn fagdeildar á starfsárinu:

Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir formaður

Sigrún Sunna Skúladóttir varaformaður,

Hafdís Hjaltadóttir gjaldkeri,

Kolbrún Kristiansen ritari

Álfheiður Snæbjörnsdóttir meðstjórandi.

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári:

Núverandi stjórn er kosin til tveggja ára samkvæmt upprunalegum starfsreglum. Munum auglýsa eftir 2 varamönnum á ársfundi.

Félagsgjald: 2.500 kr.

Stjórnarfundir: Þrír stjórnarfundir hafa verið haldnir á tímabilinu.

Innlend starfsemi:

Stofnfundur fagdeildarinnar var haldinn í húsnæði FÍH 7. september 2017. Starfsreglur félagsins sem höfðu áður verið lagðar fyrir FÍH og voru samþykktar á fundinum.

Stjórn fagdeildar hefur farið í nokkrar kynnisferðir út á land og um höfuðborgarsvæðið til þess að kynna fagdeildina og safna félagsmönnum m.a. á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Árborg, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Reykjanesbæ, Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, FSA á Akureyri og á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.

Formaður fagdeildarinnar hefur fundað með formönnum annara fagdeilda um samvinnu og stefnumótun.

Facebook síða hefur verið stofnuð fyrir fagdeildina og nafnspjöldum dreift til auglýsingar.

Undirbúningur fyrir aðalfund er í fullum gangi og mun hann fara fram 12. apríl. Einnig er í undirbúningi málþing í haust.

Hluti af styrk frá FÍH var notaður í að gera auglýsingar og nafnspjöld, einnig til að greiða ferðakostnað við kynningarferðir. Skoðunarmenn reikninga Sigrún Sigurðardóttir og Sigrún Hafsteinsdóttir yfirfara reikninga fagdeildarinnar.

Erlent samstarf**Alþjóðlegt samstarf:**

Fagdeildin gekk til liðs við ICON í ágúst 2017 sem eru alþjóðleg samtök um bæklunarhjúkrun og varaformaður fagdeildarinnar, Sigrún Sunna er meðlimur í stjórn ICON. Tveir símafundir hafa verið haldnir á tímabilinu.

Norrænt samstarf:

Stendur til að fara í stofnun norræna bæklunarsamtaka á þessu ári eða því næsta.

21. mars 2018

Kolbrún Kristiansen